

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29 október 1999

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18 maí 1978, með síðari breytingum, 22. mál, meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.**

Vísað er til umsagnar SI dags. 17. febrúar 1999 um frumvarp sama efnis sem fylgir með í ljósriti.

Rétt er að benda á að samkvæmt frumvarpi þessu er ráðagerð um breytingu á viðurlagaákvæðum 16. gr. laganna vegna ítrekaðs brots á lögunum. Með þeirri breytingu verður heimilt að svipta menn sveinsbréfi.

SI hafa í sjálfu sér engar athugasemdir um þetta sérstaklega en vilja benda á að samkv. 8. gr. laganna er ófaglærðum mönnum óheimilt að starfa við löggiltar iðngreinar en í 15. gr. laganna er þó ekki lögð nein refsing við brotum á þessu ákvæði.

Virðingarfyllt,  
**Samtök iðnaðarins**



Ólafur Helgi Arnason  
héraðsdómslögmaður

Nefndasvið Alþingis  
 Iðnaðarnefnd  
 Þórshamri v/Templarasund  
 150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 1999

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18 maí 1978, með síðari breytingum, mál nr. 472.**

#### **Frumvarpið**

Samtök iðnaðarins eru sammála tilgangi lagafrumvarpsins. Það er eðlilegt að skilja á milli hlutverks menntamála- og iðnaðarráðuneytis þegar menntun og starfsréttindi eiga í hlut eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Samtök iðnaðarins eru einnig sammála því að rétt sé að greiða fyrir því að sveinar geti öðlast meistararéttindi þegar í hlut eiga nýjar iðngreinar og/eða iðngreinar þar sem ómögulegt er fyrir sveina að fá starf undir stjórn meistara. Hins vegar verður að fara varlega þegar ekki er augljóst að starf fæst ekki undir stjórn meistara. Þar getur orðið hætt á að sveinar reyni að skjóta sér undan því að starfa undir stjórn meistara. Þegar sótt er um undanþágu er þess vegna nauðsynlegt að umsagnarréttur samtaka meistara sé virtur og gera verður þá kröfu að sveinn sem vill leysa til sín meistarabréf á grundvelli starfs í iðngrein sinni verði að færa fullnægjandi og greinargóðar sönnur á starf sitt í greininni. Tveggja ára starf í grein til þess að leysa til sín meistarabréf er á mörkum þess að vera fullnægjandi að mati Samtaka iðnaðarins.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

#### **Löggilding starfsréttinda iðnmeistara**

Ekki verður hjá því komist að nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli hæstvirkra iðnaðarnefndar á því að ákvæði iðnaðarlaga um að starfsemi sem fellur undir löggiltar iðngreinar skuli ávallt rekin undir forstöðu meistara virðast dauður lagabókstafur sem ómögulegt er að framfylgja vegna sinnuleysis þar til bærri yfirvalda. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár sent fjöldann allan af kærum til lögreglustjóra og sýslumannsembætta vítt og breitt um landið vegna brota á iðnlöggjöfni. Þrátt fyrir augljós og upplýst brot af hálfu lögreglu virðist ákærvaldið einhverra hluta vegna aldrei sjá ástæðu til aðgerða. Þetta ástand hefur leitt til þess að í sumum greinum er mjög tekið að grafa undan gildi löggildingar fyrir meistara. Sveinar og jafnvel menn án nokkurrar menntunar í iðnaði

komast upp með það óréttir að reka umfangsmikinn iðnað á sviði löggildra iðngreina í trássi við afdráttarlaus ákvæði iðnaðarlaganna.

Samtök iðnaðarins skora á iðnaðarnefnd Alþingis beiti sér fyrir því að þessi grundvallarlög á sviði iðnaðarins verði virt og ákærvaldið sinni skyldum sínum í þessum efnum.

## SAMTÖK IÐNAÐARINS

---

Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri